

Alþingi  
Erindi nr. p 118 / 1476  
komudagur 12/12 1994

28. nóvember 1994  
(merkt með x-i við aðrar tillögur  
en stafa frá ársreikninga-  
frumvarpi eða prentvillum)

1994.-1064 ár frá stofnun Alþingis.  
118. löggjafarþing.- 96. mál.

### ... Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

- x Við 1. gr., b-lið. Í upphafi efnismgr. falli niður orðin "Á bréfsefni og öðrum viðskiptaskjölum" en í staðinn komi: Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum.
- ... Við 2. mgr. 4. gr. Í staðinn fyrir orðið "ársskýrslu" standi: skýrslu stjórnar.
- ... Við 3. másl. 2. mgr. 6. gr. Í staðinn fyrir orðin "lagaákvæði um ársreikninga" komi: ákvæði laga um ársreikninga.
- ... Við 9. gr. Fremst í greinina komi:  
Í 6. tölul. 2. mgr. 6. gr. laganna falli á tveimur stöðum niður "endurskoðenda" en í staðinn komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
- x Við 17. gr., b-lið. Niður falli orðin "og "100 eða fleiri" í staðinn fyrir "200 eða fleiri." þannig að stafliðurinn endi á orðunum "milli íslenskra aðila."
- ... Við 28. gr., d-lið. Í staðinn fyrir orðið "ársskýrslu" komi: skýrslu stjórnar.
- ... Á eftir 32. gr. komi ný grein er orðist svo:  
Í 1. mgr. 37. gr. laganna komi orðin "endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga" í staðinn fyrir "endurmatsreikning samkvæmt 4. mgr. 97. gr."
- ... Við 63. gr., a-lið. Fremst í stafliðnum komi eftirfarandi texti:  
Í upphafi 1. mgr. um aðalfund falli niður orðin "innan níu mánaða frá lokum hvers reikningsárs" en í staðinn komi: innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs.  
Í 2. másl. 1. mgr. falli niður "endurskoðenda" en í staðinn komi: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
- ... Við 64. gr., a-lið. Við stafliðinn bætist:  
Í 1. másl. 2. mgr. standi "endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi" í staðinn fyrir "endurskoðandi eða hluthafi."
- ... Við 65. gr., b-lið. Við stafliðinn bætist:  
Í 4. mgr. falli niður orðin "ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda" en í staðinn komi: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna.
- ... 69.-72. gr. falli niður.
- ... Við 73. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr. er orðist svo:  
2. mgr. 92. gr. hljóði svo: Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á:
- ... Á eftir 73. gr. komi:  
Fyrirsögn XII. kafla verði: Ársreikningur og skýrsla stjórnar.
- ... 74.-79. gr. falli niður.

- Við 82. gr. Í 2. efnismgr. komi "einkahlutafélag" í staðinn fyrir "eignarhlutafélag".
- ... Við 85. gr., c-lið. Í lok stafliðarins falli niður orðin " 4. málsl. 1. mgr. 105. gr." en í staðinn komi; ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.
- ... Við 86. gr. Í upphafi falli niður orðin "félagið er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda" en í staðinn komi: félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns.
- ... Við 93. gr. Orðið "einkahlutafélag" komi í staðinn fyrir "eignarhlutafélag."
- ... Við 94. gr. Í 2. efnismgr. komi á tveimur stöðum orðið "einkahlutafélag" í staðinn fyrir "eignarhlutafélag."
- ... Við 96. gr. Í 2. másl. 2. efnismgr. standi "Ákvæði laga um ársreikninga" í staðinn fyrir "Lagaákvæði um ársreikninga."
- ... Við 102. gr. Í 5. efnismgr. standi á tveimur stöðum "endurskoðendur eða skoðunarmenn" í staðinn fyrir "endurskoðendur."
- ... Við 112. gr., a-lið. Þar falli niður orðið "endurskoðendur" en í staðinn komi: endurskoðendur og skoðunarmenn.
- ... Við 114. gr. Þar bætist við nýr liður, c-liður, er orðist svo:  
Í c-lið 1. mgr. standi í upphafi "Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum" í staðinn fyrir "gegn endurskoðendum."
- ... Við 125. gr., b-lið. Þar falli niður málsliðurinn "Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. 105. gr." en í staðinn komi: Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.
- ... Við 126. gr. Eftirtaldir breytingar verði á greininni:  
a. Í a-lið komi orðin "endurskoðenda eða skoðunarmanna" í staðinn fyrir "endurskoðenda."  
b. Aftan við c-lið bætist:  
Jafnframt falli niður í 3. tölul. 3. mgr. orðin "endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr." en í staðinn komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga.
- ... Við 127. gr., b-lið. Þar komi í lokin orðin "endurskoðenda eða skoðunarmanna" í staðinn fyrir "endurskoðenda."
- ... Við 130. gr. Aftan við greinina bætist:  
Í stað orðsins "endurskoðendur" standi: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
- ... Við 132. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:  
Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi 80.-91. og 93.-105. gr. laga þessara eins og þeim hefur verið breytt.